

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Norðurþingi.

Deiliskipulag suðurhafnarsvæðis á Húsavík.

Sveitarstjórn Norðurþings samþykkti á fundi sínum 3. apríl 2025 breytingar á deiliskipulagi fyrir suðurhafnarsvæði á Húsavík. Breytingin felur í sér sameiningu fjögurra lóða í eina, Suðurgarð 4. Við það myndast pláss fyrir nýja lóð syðst sem fær heitið Búðarfjara 1. Afmörkun Búðarfjöru 3 breytist og jafnframt er mænisstefnu húss snúið. Hámarksvegg hæð og mænishæð alls athafnasvæðisins verður aukin í 8 m og 10 m (úr 7 m og 9 m) og heimilað nýtingarhlutfall verður 0,6.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Húsavík, 21. maí 2025.

Gaukur Hjartarson skipulagsfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 5. júní 2025